

staðfesta dóm þenna. En málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Hinn stefndi héraðsdómari hefir krafist sýknunar af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar hjá honum, og með því að áfrýjandi hefir engar gildar ástæður fært fyrir kröfum sínum, verður að dæma héraðsdómarann sýknan af þeim og skylda áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Héraðsdómariinn, Jón Magnússon bæjarfógeti, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Einars M. Jónassonar í þessu máli, og ber áfrýjanda að greiða honum 20 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

24. febr. nr. 3/1912.

Jakob Jónsson  
gegn  
Helgu Sigurðardóttur.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar hin stefnda, stúlkan Helga Sigurðardóttir á Seyðis-

firði gegn áfryjandanum, Jakob Jónssyni fiskimatsmanni samastaðar, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér skuld, að upphæð 181 kr. 37 a., er hún taldi sig eiga hjá honum, sem eftirstöðvar af borgun fyrir fæði og þjónustu frá árunum 1908—9. Málið var dæmt í nefndum rétti 10. júní 1911 með þeim úrslitum, að áfryjandi var skyldaður til að greiða stefndu 164 kr. 37 a. með 5% vöxtum á ári frá sáttakærudegi 7. des. 1910, til borgunardags, en hins vegar var stefnda, sem ekki hafði mætt sjálf á sáttafundi í málinu og þó eigi sannað forföll, dæmd í 8 kr. sekt til landsjóðs og til að greiða áfryjanda málskostnað 10 krónur.

Dómi þessum hefir áfryjandi skotið til vfirmómsins með stefnu, dags. 3. júlí 1911, og krafist þess, að dómurinn staðfestur verði færð niður í 7 kr. 42 a., en dómurinn staðfestur að öðru leyti, og að stefnda verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir yfirmómi eftir réttarins mati. Af stefndu hálfu hefir þess hins vegar verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og áfryjandi dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir yfirmómi eftir mati réttarins.

Mál þetta er þannig tilkomið, að áfryjandi keypti fæði og þjónustu hjá stefndu frá 7. des. 1908 til 29. des. 1909, og nam borgunin, sem stefnda átti fyrir þetta, eftir reikningi hennar, sem lagður var fram í auka-réttinum, alls 349 kr., en stefnda taldi sig hafa fengið upp í þetta hjá áfryjanda, er mál þetta var höfðað síðast á árinu 1910, samtals 167 kr. 63 a., er hún tók við í vörum úr verzlunarreikningi áfryjanda á Seyðisfirði. Taldi stefnda sig eiga enn eftir hjá áfryjanda 181 kr. 37 a. Áfryjandi aftur á móti hélt því fram fyrir auka-réttinum, að sumpart væru fæðispeningar þeir, er stefnda

gerði kröfu til, oftaldir fyrir 17 daga eða um 17. kr.; sumpart hefði úttekt stefndu úr reikningi hans numið miklu meiru en talið væri honum til góða í reikningi hennar, og væri skuld hans, þegar þetta hvorttveggja væri leiðrétt, 7 kr. 42 a.

Í aukaréttinum varð það niðurstaðan, að áfrýjandi hefði gert nægilega grein fyrir eða stefnda eigi nægilega mótmælt því, að fæðispeningarnir væru af stefndu oftaldir um 17 krónur, og því var krafa hennar færð niður um þá upphæð, eða í 164 kr. 37 a., en að öðru leyti var krafa stefndu tekin til greina, með því að áfrýjandi hafði eigi fært sönnur á það, gegn neitun stefndu, að hún hefði tekið við meiru upp í skuldina. en hún kannaðist við fyrir aukaréttinum.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum, er nú spurning um það eitt, hvort áfrýjandi hafi, eins og hann heldur fram, greitt stefndu meira upp í skuldina úr reikningi sínum, en hún hefir kannast við og til greina var tekið í aukaréttardóminum, en eins og fallast verður á það álit aukaréttardómarans, að engar sönnur hafi fyrir aukaréttinum verið færðar fyrir frekari borgun af hendi áfrýjanda, en þar var til greina tekin, eins hefir heldur ekki vitnaleiðsla, er áfrýjandi hefir látið fram fara um það efni meðan málið var fyrir yfirdóminum, leitt til neinna nýrra upplýsinga fyrir málið. Það verður því að staðfesta að öllu leyti hinn áfrýjaða dóm.

Í málskostnað fyrir yfirdómi virðist rétt að áfrýjandi greiði stefndu 25 krónur.

## Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Jakob Jónsson fiskimatsmaður greiði stefndu Helgu Sigurðardóttur á Seyðisfirði í málskostnað fyrir yfir dómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtinga hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 39/1912.

Þórður J. Thoroddsen  
gegn  
Ólöfu Magnúsdóttur.

## Dómur:

Mál þetta höfðaði stefnda Ólöf Magnúsdóttir í Keflavík fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Þórði J. Thoroddsen lækni, til greiðslu á kr. 248,73, er hún taldi sig eiga í vörzlum hans, og lauk málinu með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 22. febrúar f. á., þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefndu kr. 133,36 með 5% ársvöxtum frá 28. apríl 1911 til borgunardags, og var málskostnaður látinn falla niður, en skipuðum málfærslumanni stefndu, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, voru dæmdar 25 kr. í málfærslulaun af almanna fé.

Nefndum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. sept. f. á., og krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur